

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hellsu á Rangárvöllum.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins 9. janúar 1991, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi fyrir Hellsu á Rangárvöllum að áður ráðgert opið svæði við götuna Freyvang verður íbúðarhúsalóð.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur samþykkt að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1964.

Umhverfisstjórnuneytið, 13. febrúar 1991.

F. h. r.
Páll Línal.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 103

AUGLÝSING

20. febrúar 1991

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við bifreiðastöðum við Brynjólfsgötu, að því undanskildu að á einstefnukaflanum vestan Hótel Sögu verði leyfðar bifreiðastöður, þó hámark 30 mínútur í senn milli kl. 09 og 17 virka daga.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. mars 1991.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 20. febrúar 1991.

Böðvar Bragason.

Nr. 104

AUGLÝSING

19. febrúar 1991

um umferð í Ólafsfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar hefur verið ákveðið að:

1. Bifreiðastöður verði bannaðar að sunnan við Strandgötu frá nr. 4 að 12.
2. Biðskylða verði af Hrannarbyggð á Ægisbyggð.
3. Biðskylða verði af Bylgjubýggð á Ægisbyggð.
4. Biðskylða verði af Hafnargötu á Strandgötu.
5. Biðskylða verði af heimreið að Hornbrekku á Ólafsfjarðarveg eystri.
6. Viðvörðunarmerki „Börn“ verði sett upp á Ægisgötu við Gagnfræðaskóla.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórnin í Ólafsfirði, 19. febrúar 1991.

Kjartan Þorkelsson.